

Íslenskur iðnaður

SI 8. tbl. 12. árg

Samtök iðnaðarins


Ágúst 2006

Marel setur markið hátt

Marel hf. keypti nýlega alla hluti í danska fyrirtækinu Scanvægt International A/S fyrir 9,9 milljarða króna. Hörður Arnarson, forstjóri Marel, segir að með kaupunum á Scanvægt og breska fyrirtækinu AEW Delford fyrir 1,7 milljarða fyrr á þessu ári, muni velta Marel samstæðunnar aukast um ríflega 100% á árinu. Búið er við umtalsvert aukinni sölu þegar nýjar og áhugaverðar vörur bætast við þær sem fyrir eru og sölukerfi fyrirtækjanna sameinast. Fyrirtækin tvö munu starfa áfram á markaði sem tvær aðskildar rekstrareiningar með sín eigin vörumerki.

Í fararbroddi á alþjóðlegum markaði
Hörður segir að Marel stefni að því að vera í fararbroddi á alþjóðlegum markaði í þróun og markaðssetningu hátækni-búnaðar og þrefalda veltu félagsins á næstu þremur til fimm árum. Í fyrra var velta samstæðunnar 130 milljónir evra en með kaupunum á AEW Delford og Scanvægt er gert ráð fyrir að veltan tvöfaldist og verði 270 milljónir evra.

Mikil samlegðaráhrif og nýir markaðir
Hörður segir samlegðaráhrifin verða mikil með kaupunum en auk þess muni bætast við nýir vöruflókkar og ný markaðstækifæri í mjólkur- og grænmetis-iðnaði. Nýir markaðir muni opnast í Suður-Evrópu og Suður-Ameríku en þar séu sterkir markaðir og fjölmörg vaxtar-tækifæri. „Með aukinni stærð verður auðveldara og hagkvæmara að byggja



Frá vinstri, Sigurpáll Jónsson, Hörður Arnarson, Lárus Ásgeirsson, Erik Steffensen og Lars Grundtvig

upp betri og öflugri þjónustu sem nýtist viðskiptavinum Marel betur þegar fyrirtækið hefur náð þessari stærð,” segir Hörður.

Ráðist í kaupin að vandlega athuguðu máli

Hörður segir að kaupin hafi verið vandlega undirbúin. „Markaðurinn var kannaður gaumgæfilega og metnir þeir kostir sem taldir voru álitlegir og áhugavert að kaupa. Markmiðið er að byggja upp fyrirtæki með ytri og innri vexti í því skyni að Marel verði fremst á þessum markaði í samræmi við framtíðarsýn fyrirtækisins.”

Mjög góður hagnaður á fyrri hluta ársins

Hörður sagði að ánægja væri innan Marel með uppgjörið fyrir fyrstu sex mánuði ársins en þar kemur fram að rekstrarhagnaður annars ársfjórðungs er sá mesti sem félagið hefur nokkurn tíma náð eða tæpar 400 milljónir króna og hagnaður fyrri helming ársins nemur um 115 milljónum króna.

Starfsmenn Marel hf. eru nú rösklega 2000, þar af 350 hér á landi, tæplega 800 í Danmörku og 380 í Bretlandi, auk starfsmanna á yfir 30 söluskrifstofum víða um heim.


Þóra Kristín Jónsdóttir

bls. 2



Aukin framleiðni er forsenda áframhaldandi hagvaxtar

bls. 3



Vaxandi útflutningur hugbúnaðar

bls. 5



Verkefni unnið með tilstyrk Nýsköpunarsjóðs námsmanna

bls. 6



LABAK hvetur til neyslu trefjarikra brauða

bls. 7



Ný efnalöggjöf í undirbúning

Aukin framleiðni er forsenda áframhaldandi hagvaxtar

Engum dylst að efnahagslíf okkar hefur einkennst af miklum vexti síðustu ár. Hagvöxtur hefur verið með mesta móti, atvinnuleysi lítið sem ekkert og atvinnuþátttaka í hámarki. Því er eðlilegt að spyrja hvernig hægt sé að viðhalda góðum vexti í ljósi þess að vinnuaflið er því sem næst fullnýtt. Svárið hlýtur að felast í aukinni framleiðni svo að auka megi verðmætasköpun hvers starfsmanns. Besta leiðin til þess er að bæta menntakerfið og stuðla að traustari grunnmenntun og bættri sí- og endurmenntun. Í nýrri skýrslu OECD um Ísland er fjallað nokkuð um menntamál og gerðar eru athugasemdir við það að árangur Íslendinga í menntamálum sé ekki í samræmi við efnahag þjóðarinnar. Ekkert land innan OECD leggur jafn hátt hlutfall af landsframleiðslu til málaflokksins á sama tíma og námsárangur er nærri meðaltali. Þetta hlýtur að benda til þess að fjármagnið nýtist ekki sem skyldi.

Íslendingar vinnusamir en óskilvirkir

Landsframleiðsla á mann er óvída meiri en hérlandis og síðustu ár hefur hagvöxtur verið með mesta móti. Það vekur hins vegar athygli að landsframleiðsla á unna vinnustund á Íslandi er vel undir meðaltali OECD-ríkja. Þetta kann að virðast mótsögn en skýringin er sú að Íslendingar vinna lengri vinnudag en flestir aðrir. Þá er atvinnuþátttaka hér meiri en gengur og gerist auk þess sem starfsævin er lengri hér en víða í nágrannalöndum okkar. Með þessu móti tryggjum við okkur háa landsframleiðslu og góð lífskjör. En tæpast verður lengra gengið í þessa átt. Atvinnuþátttaka verður ekki aukin frá því sem nú er og ólíklegt er að við munum sætta okkur við að lengja starfsævina. Forsenda aukins hagvaxtar og áframhaldandi velmegunar er því aukin framleiðni.



Bjarni Már Gylfason
hagfræðingur SI

Tækifæri í menntakerfinu

Sérfræðingar OECD gera menntamál á Íslandi að umtalsefni í skýrslu sinni og eru gagnrýnir á árangur okkar í þeim efnum. Þeir benda á að börn á landsbyggðinni, sérstaklega drengir, komi illa út úr svokölluðum PISA könnunum sem eru samræmdar milli landa. Þá er sögð brún þörf á að auka hlutfall menntaðra kennara á landsbyggðinni og auka menntun þeirra almennt. OECD bendir á að hlutfall brautskráðra úr framhaldsskólum sé lágt en tæplega helmingur þetta útskrifast með stúdentspróf. Einnig er bent á að gjá virðist vera milli þeirra sem hafa menntun á háskólastigi eða aðra sérmenntun og þeirra sem hafa litla sem enga menntun. Skortur er á fólki, t.d. með starfsmenntun, eins og Samtök iðnaðarins hafa lengi bent á.

Samhljómur OECD og starfsnámsnefndar

Ábendingar OECD eru áhugaverðar í ljósi nýrra tillagna starfsnámsnefndar um breytingar á heildarskipulagi framhaldsskólans. Þar er gert ráð fyrir að námið verði ein heild án aðgreiningar í bóknað og verknám. Vinnustaðanámi verði breytt, stofnað verði fagháskólastig og að samstarf framhaldsskóla og háskóla verði formgert svo að nokkuð sé nefnt. Ekki verður annað séð en að samhljómur sé í ábendingum OECD og tillögum starfsnámsnefndar. Nái þær tillögur fram að ganga er líklegt að breytingar á skipulagi skólakerfisins geti stuðlað að bættum efnahag þjóðarinnar.

Vilt þú
auka framleiðni
og bæta afkomu
fyrirtækisins?



Áfangaskipt gæðavottun SI

Tæki fyrir stjórnendur og starfsmenn til að auka arðsemi og bæta starfsumhverfi fyrirtækja



Fra starfsvegi, til vinnuþingna og vaxta

Áfangaskipt gæðavottun SI var fyrst kynnt sl. vor og hefur vakið verskuldaða athygli félagsmanna. Nú hafa Samtökin gefið út handhægan upplýsingabækling um vottunina sem hægt er að nálgast á skrifstofu SI.

Þetta framtak er í samræmi við stefnu Samtakanna um að stuðla að bættum rekstri félagsmanna en um leið að bættum efnahag landsins.

7. rannsóknáætlun Evrópusambandsins hefst í byrjun næsta árs

Sjöunda rammaáætlun Evrópusambandsins um rannsóknir og þróun hefst á næsta ári. Hún nær yfir óvenjulangt tímabil eða árabilið 2007-2013. Línur eru teknar að skýrast um innihald áætlunarinnar og gert er ráð fyrir að auglýst verði eftir umsóknum um styrki strax upp úr áramótum. Styrkir verða af ýmsu tagi, s.s. til rannsókna, til að koma á samstarfi milli stofnana, til að ráða vísindamenn milli landa, til að halda ráðstefnur og fundi og til að styðja við nýsköpun í fyrirtækjum.

Þrátt fyrir yfirlýstun vilja framkvæmdastjórnar ESB til að auka þátttöku fyrirtækja í verkefnum innan rannsóknáætlanna er ljóst að hlutfallsleg þátttaka þeirra hefur dregist saman jafnt og þétt síðan rannsóknáætlunir Evrópusambandsins hófust árið 1987. Því er nú lögð mikil áhersla á að taka tillit til óska og þarfa fyrirtækja en það verður gert með því að taka tillit til stefnu svokallaðra Evrópskra tæknivettvangna (European Technology Platforms) sem fjallað var um í júlíblaði Íslensks iðnaðar. Lögð verður aukin áhersla á nýsköpun sem miðast sérstaklega við að auka samkeppnishæfni fyrirtækja í Evrópu.

Nýlega var hér á ferðinni Sean McCarthy, sérfræðingur í rannsóknáætlunum Evrópusambandsins sem fræddi Íslendinga um hvernig þeir geti best búið sig undir að nýta sér kosti rannsóknáætlunarinnar. Hann leggur mikla áherslu á að Íslendingar séu sýnilegir til að fá tækifæri í rannsóknáætluninni. Þetta þýðir að við þurfum að taka virkan þátt í ráðstefnum og fundum og koma okkar fólki að í sem flestum ráðgjafarnefndum og samstarfsnetum. Tækifæri iðnaðarins felast e.t.v. fyrst og fremst í því að taka virkan þátt í Evrópsku tæknivettvöngunum.

Nánari upplýsingar um 7. rannsóknáætlun Evrópusambandsins veitir Ragnheiður Héðinsdóttir á skrifstofu SI í síma 591 0100.

Vaxandi útflutningur hugbúnaðar



Seðlabanki Íslands birti nýlega upplýsingar um útflutning hugbúnaðar árið 2005. Könnunin var send 136 fyrirtækjum og var svörun um 90 prósent. Könnunin leiddi í ljós að 96 þeirra, sem svöruðu, höfðu tekjur vegna útflutnings á hugbúnaðar- og tölvuþjónustu.

Útflutningur hugbúnaðar- og tölvuþjónustu nam 4.296 m.kr árið 2005. Útflutningur ársins 2004 nam 3.505 m.kr á gengi ársins 2005 og var því um 22,6% aukningu að ræða milli ára. Útflutningur á hugbúnaði hefur tæplega 160 faldast á tímabilinu, þ.e. aukist úr 27 m.kr árið 1990 í 4.296 m.kr árið 2005.

Hlutfall hugbúnaðar- og tölvuþjónustu af heildarútflutningi vöru og þjónustu

hefur aukist frá 1990 að undanskildu árinu 2001 en þá lækkaði hlutfallið lítillega. Útflutningur á hugbúnaði var 1,37% af heildarútflutningi árið 2005 en hlutfallið var 1,23% árið áður.

Einungis 14 fyrirtæki í könnuninni voru með yfir 100 m.kr. í útflutningstekjur, þ.e. rúm 10% fyrirtækjanna voru með tæp 70% af heildarútflutningi.

Helmingur fyrirtækjanna var með útflutningstekjur undir 20 m.kr. eða rúm 7% af heildarútflutningi í hugbúnaðar- og tölvuþjónustu, 12 fyrirtæki voru með útflutningstekjur á bilinu 20-50 m.kr. og 7 fyrirtæki voru með útflutningstekjur á bilinu 50 og 100 m.kr.

Guðmundur Ásmundsson

Könnun á umfangi hugbúnaðargerðar og rekstri tölvukerfa hjá opinberum aðilum

Á vegum Samtaka iðnaðarins, Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis er nú unnið að úttekt á umfangi hugbúnaðargerðar og rekstri tölvukerfa hjá opinberum aðilum.

Markmið hennar er að fá greinargott yfirlit um hugbúnaðargerð og hugbúnaðarþjónustu á vegum stofnana og fyrirtækja ríkisins og afla upplýsinga um viðhorf til útivistunar á slíkri þjónustu. Stefnt er að því að niðurstöður liggi fyrir í september.



Fréttablað Samtaka iðnaðarins
8. tbl. 12. árg. Ágúst 2006
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 21.08.2006
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plaströkkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Jóhannes Long,
Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101 - Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hæsson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritad efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Eigendur við yfirfærarann góða



Trésmíðafyrirtækið Selós

Trésmíðafyrirtækið Selós ehf. á Selfossi var stofnað árið 1973. Núverandi eigendur eru fjórir, þeir Hilmar Þ. Björnsson, Baldur Guðmundsson, Axel Þór Gissurarson og Björgvin Snorrason sem allir eru húsasmiðir að mennt. Starfsmenn eru 11 og þar af eru átta lærðir smiðir. Frá upphafi hefur fyrirtækið sérhæft sig í smíði hurða og innréttinga í eldhús og baðherbergi.

Öflugur vélakostur

Hilmar, sem er framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir að fyrirtækið hafi komið sér upp góðum vélakosti og þar liggi milli 30 og 40 milljónir króna. Dýrasta og stærsta vélin er fimm ása tölvustýrður yfirfærari sem var keyptur frá Ítalíu og kostaði um 13 milljónir króna. Hilmar segir vélarhausinn vega tonn að þyngd. Flestar vélarnar eru keyptar frá Ítalíu og nær allar tölvustýrðar. Þeir sem stjórna

vélunum læra notkun þeirra af söluhöfðingum en sækja þá þekkingu einnig til Ítalíu. Á sínum tíma sendi Selós t.d. tvo starfsmenn sína til Ítalíu til að læra á þá stóru.

Útboðsmarkaðurinn harður

Selós smíðar mikið eftir pöntun en tekur auk þess þátt í útboðum af ýmsu tagi bæði innan og utan sveitarfélagsins og hefur haft næg verkefni. Hilmar, segir að nú sé svo komið að húsnaði sé að springa utan af starfseminni.

„Verkefnin eru bæði stór og smá,” segir Hilmar. „Útboðsmarkaðurinn er harður og þrír til fimm aðilar eru um hvert verkefni. Þá er talsvert um að aðalverktakar óski eftir að fyrirtækið smíði innréttingar í hús sem þeir byggja og arkitektar, sem eru með verkefni í gangi, leita líka iðulega til okkar.”

Verkefni víða um land

Verkefnin eru síður en svo bundin við Suðurland enda koma viðskiptavinirnir koma víða að, s.s. frá höfuðborgarsvæðinu, Austurlandi, Borgarfirði og Ísafirði en þar smíðaði fyrirtækið innréttingar í stjórnsýsluhúsið á sínum tíma. Nú er Selós að smíða allar innréttingar í tvo grunnskóla, annan á Hvolsvelli en hinn í Reykholti. Þá voru smíðaðar innréttingar í hjúkrunarheimili á Kirkjubæjarklaustri, Bláa lónið, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Skífuna og Geysishúsið í Reykjavík, ásamt innréttingum í marga leikskóla. „Við eigum gott samstarf við byggingafyrirtækið Eðalhús á Selfossi og vinnum fyrir það einn til tvo daga í hverri viku og við vinnum einnig talsvert fyrir röraverksmiðjuna Set sem líka er til húsa á Selfossi.” Hilmar segir Selós einnig taka að sér fjölda verkefna fyrir fyrirtæki sem smíða og selja sumarhús, þar á meðal Borgarhús í Grímsnesi og Eðalhús. Verkefnin eru þó ekki eingöngu bundin við innréttingar því að Selós hefur t.d. byggt tvö íþróttahús og framundan er að byggja parhús að Kjarrhólum á Selfossi.

Mikil samkeppni við innfluttar innréttingar

Hilmar segir samkeppni mikla við innflutta raðframléiðslu en margir, sem kaupa slíkar innréttingar, fá þá Selósmenn til að smíða borðplötur og fleira. Selós kaupir nú mikið af bandarískum eikarspón. „Viðskiptavinirnir sækjast mest eftir ljósri eik en sú dökka hefur sótt á að andanförunu.” Hilmar segir að árið 1990 hafi fimm fyrirtæki á Selfossi smíðað innréttingar og þá hafi alltaf mátt sjá trésmíðafyrirtæki á hægri hönd úr hvaða átt sem ekið var inn í bæinn en nú sé Selós einn um hituna.

Þóra Kristín Jónsdóttir

Fagleg og lögleg

þjónusta
í boði

Löggild menntun snyrtifræðinga tryggir þér fagmennsku í snyrtingu og förðun og rétta og örugga húðmeðferð. Þú finnur snyrtifræðinga í Félagi Íslenskra snyrtifræðinga um land allt. Sjá nánar á Meistarinn.is.




Félag Íslenskra
snyrtifræðinga

Úttekt á þróun og stöðu sprotafyrirtækja

Verkefni unnið með tilstyrk Nýsköpunarsjóðs námsmanna



Samtök iðnaðarins réðu tvo námsmenn úr Háskólanum í Reykjavík í sumarverkefni til að gera könnun á þróun og stöðu sprotafyrirtækja. Verkefnið hlaut stuðning Nýsköpunarsjóðs námsmanna en fulltrúar Samtaka iðnaðarins, Samtaka sprotafyrirtækja og Háskólans í Reykjavík skipa verkefnisstjórn.

Námsmennirnir, Hilmar Björn Harðarson og Pálmi Blængsson, sem stunda nám á öðru ári í iðnrekstrarfræði í Háskólanum í Reykjavík, hafa unnið að rannsókninni í sumar. Verkefni af þessu tagi er gott dæmi um áhugavert samstarf atvinnulífs og skóla.

Verkefnið er tvíþætt:

- Annars vegar að kortleggja og flokka sprotafyrirtæki eftir stöðu þeirra og þörfum fyrir stuðning m.t.t. markaðarins og öðlast þannig betri yfirsýn yfir þarfir þeirra og viðfangsefni sem stuðningsaðilar geta komið að með markvissari hætti en áður.
- Hins vegar að kanna þarfir/óskir fjárfestingaraðila við fjárfestingar í

sprotafyrirtækjum sem stuðlað gætu að markvissari leiðum sprotafyrirtækja við að vekja áhuga fjárfesta.

Í upphafi verkefnisins áttu Hilmar og Pálmi viðtöl við valinn hóp forsvarsmanna sprotafyrirtækja og fulltrúa stuðnings- og fjármögnunaraðila.

Að þeirra sögn fór drjúgur tími í að útfæra viðamikla könnun á viðhorfum og reynslu sprotafyrirtækja á því stuðningsumhverfi sem þeim hefur staðið til boða á undanförunum árum. Tilgangurinn er að efla enn frekar þann stuðning sem mestum árangri skilar, að mati fyrirtækjanna. Þá eru forsvarsmenn fyrirtækjanna spurðir nokkurra lykilspurninga um þróunar- og markaðsstarfið og hvernig best megi styðja fjármögnun þeirra og leita leiða til að takast á við þau vandamál sem helst blasa við á þróunarbraut fyrirtækjanna.

Könnunin er unnin í samstarfi við Outcome hugbúnað ehf. sem sér um uppsetningu í vefkönnunarkerfi fyrirtækisins. Þar sem umfang og form könnunarinnar ganga nokkru lengra en venjubundnar

kannanir hefur þurft að bæta nokkuð við kerfið.

Könnunin hefur nú verið send út á lista Samtaka sprotafyrirtækja sem eru á annað hundrað og unnið verður að því að safna svörum frá fyrirtækjunum til ágústloka. Samtök iðnaðarins og Samtök sprotafyrirtækja hvetja alla þá sem fá könnuna senda að bregðast skjótt við og svara henni sem fyrst til að úrvinnslan gangi sem best.

Niðurstöðurnar kynntar á Sprotapiingi 2006

Samtök iðnaðarins og Samtök sprotafyrirtækja undirbúa nú Sprotapiing 2006 sem fyrirhugað er að halda í lok október. Stefnt er að því efna til samstarfs við þingflokka stjórn málaflökkanna um framkvæmd þingsins. Í aðdraganda þess verða þingflokkunum kynntar niðurstöður framgreindrar úttektar ásamt fleiri gögnum sem snerta starfsskilyrði sprota- og hátækniyrirtækja.

Davíð Lúðvíksson

Íslenskur skiptinemi í Danmörku



Í greininni er einnig rætt við meistaran, Henrik Glud Olsen, sem tók Viktor undir sinn verndarvæng í fyrirtækinu en hann er með átta rafvirkjanema á sinni könnu. Hann segist hafa tekið því vel þegar Iðnaðarmannafélagið fór þess á leit að hann tæki að sér íslenskan rafvirkjanema. „Það hleypir nýju lífi í vinnustaðinn og mér finnst skiptinemafyrirkomulagið þrýðilegt. Það er alltaf gott að sjá hlutina frá nýju sjónarhorni og öðlast

vitnesku um hvað tíðkast annars staðar. Hins vegar þarf að taka tillit til tungumálaörðugleika og þess vegna má t.d. ekki senda skiptinemann í verkefni með rafvirkja sem vinnur í akkorði. „Henrik segir vel koma til greina að senda danska iðnnema til Íslands sem skiptinema.

Þóra Kristín Jónsdóttir þýddi og endursagði

Landssamband bakameistara hvetur til neyslu trefjaríkra brauða

Landssamband bakameistara mun á næstu vikum hvetja landsmenn til neyslu hollra og trefjaríkra brauða. Í þessu skyni hefur félagið gefið út bækling sem dreift verður í öllum bakaríum félagsmanna og einnig verða

birtar auglýsingar þar sem athygli verður vakin á fjörbreyttu úrvali trefjaríkra brauða í bakaríunum. Með þessu vill félagið leggja sitt af mörkum til að hvetja fólk til hollara fæðuval.

Tvítugur íslenskur rafvirkjanemi, Viktor Höskuldsson frá Reykjavík, sem er langt kominn með rafvirkjanám hér á landi, réð sig í vor sem skiptinemi í þrjá mánuði hjá raflagnafyrirtækinu Gjested-Jensen á Friðriksbergi í Danmörku. Hann hefur nú lokið vistinni í Danmörku og er kominn heim.

Í sumar birtist viðtal við Viktor í danska blaðinu Electra sem kemur út mánaðarlega. Blaðamaðurinn, sem ræddi við Viktor getur þess m.a. í upphafi viðtalsins að undanfarið hafi vart verið hægt að opna danskt dagblað án þess að rekast á umfjöllun um fjármálavafstur Íslendinga í Danmörku. Blaðamaðurinn segist finna fyrir krafti og blöndu af forvitni, ævintýraþrá og dugnaði Viktors þar sem hann situr andspænis honum.

Viktor er afar ánægður með Danmerkurdvölinu. „Mig langaði að prófa eitthvað nýtt og greip því tækifærið þegar Iðnaðarmannafélagið auglýsti að hægt væri að komast sem skiptinemi til Danmerkur.“ Hann er ekki í vafa um að hann hafi gert rétt í að fara utan. Viktor segir að vinnudagurinn sé tveimur tímum styttri en hann eigi að venjast hér á Íslandi. „Þegar ég var búinn að vinna kl. fjögur síðdegis þá fannst mér ég hafa allan daginn fyrir mig.“ Viktor hefur allt eins í huga að snúa aftur til Danmerkur að námi loknu og e.t.v. til að stunda framhaldsnám.



Holl og góð trefjarík brauð í dagsins önn

Í bakaríum innan Landssambands bakameistara er að finna gott úrval af hollum, trefjaríkum brauðum sem innihalda heilt korn eða mjöl úr heilu korni. Algengast er að brauð sé bakað úr hveiti, rúgi eða höfrum en einnig stundum úr byggi.

Veldu holl og góð trefjarík brauð í dagsins önn. Mundu að áleggjið skiptir líka máli. Veldu létt viðbit, hóflega feitt álegg og ríkulegt af grænmeti á brauðið þitt.



Ný efnalöggjöf í undirbúningi

Ný efnalöggjöf er í undirbúningi í Evrópu. Stefnt er að því að svokölluð REACH tilskipun verði samþykkt á næsta ári. Markmiðið með henni er liprari innri markaður, vernd umhverfis og heilsu borgaranna, auk þess að stuðla að samkeppnishæfni og nýsköpun.

Forsagan

Árið 1981 var gerð tilraun til að ná utan um áhættumat á efnum. Þá var gerður greinarmunur á „eldri efnum,” þ.e. efnum sem voru á markaði fyrir 1981 og „nýjum efnum,” þ.e. efnum sem koma á markað eftir þann tíma. Áður en nýtt efni fær markaðsleyfi er það prófað ítarlega með tilliti til hættu fyrir menn og umhverfi. Aðeins um 3.000 efni hafa farið í gegnum slíkt mat. Árið 1981 voru eldri efni skráð og reyndust þau vera 100.106 talsins. Talið er að um 30.000 þeirra séu markaðssett í meira magni en einu tonni á ári. Jafnvel þótt til séu upplýsingar um eiginleika þeirra eru þær ekki endilega aðgegnilegar notendum og sönnunarbyrði um áhættu liggur hjá stjórnvöldum sem hafa unnið markvisst að áhættumati fyrir eldri efnin en það gengur hægt.

Bryndís Skúladóttir
umhverfismál



REACH

Staðan þykir ekki góð vegna misræmis í kröfum sem gerðar eru til nýrri efna og eldri efna. Þar að auki er Evrópulöggjöfin á þessu sviði flókin og þvæld í fjöl-

mörgum misgömlum tilskipunum. REACH kemur í stað 40 núgildandi tilskipana. Almennur vilji er fyrir því að taka til í þessum málum.

Með REACH er sönnunarbyrði um öryggi á markaði snúð við, frá yfirvöldum og til framleiðenda. Þetta gerist í nokkrum skrefum. Fyrirtæki, sem framleiða eða flytja inn efni, skulu:

- skrá (Registration) efni í miðlægan gagnagrunn ef magnið er yfir eitt tonn á ári
- fylla út öryggisskýrslu (Chemical Safety Report) ef magnið er yfir 10 tonn á ári
- meta (Evaluation) áhættu vegna notkunar áhættumeiri efna og grípa til aðgerða til að stýra þeirri áhættu
- sækja um leyfi (Authorisation) til framleiðslu og notkunar tiltekinna efna

Framleiðendur og innflytjendur skrá efni

Almenn skylda hvílir á framleiðanda eða innflytjanda um að skrá öll efni, hrein eða í efnablöndum, sem framleidd eru eða flutt inn í meira magni en einu tonni á ári hjá hverjum framleiðanda eða innflytjanda. Með skráningu skulu fylgja tæknilegar upplýsingar og einnig öryggisskýrsla ef magnið er yfir 10 tonn á ári. Með tæknilegum upplýsingum er átt við eiginleika efnis, notkunarsvið, hættuflokkun og leiðbeiningar um örugga notkun.

REACH tekur bæði til hreinna efna og efnablöndu. Allir innflytjendur og framleiðendur efnavöru þurfa að skoða samsetningu þeirra vara sem þeir flytja inn og framleiða. Áætlað er að skráning taki nokkur ár og verður byrjað á þeim efnum sem eru markaðssett í miklu magni.

Gert er ráð fyrir að fyrirtæki taki sig saman um að skrá efni og deili þannig kostnaði. Þeir sem flytja efni inn til landsins frá Evrópu fá upplýsingar frá framleiðanda eins og aðrir notendur neðar í framleiðslukeðju. Fyrirtæki utan EES, sem flytja efni til svæðisins, geta tilnefnt einn aðila til að annast samskiptin við Efnastofnunina fyrir allt EES svæðið. Efni eru einungis skráð einu sinni hjá Efnastofnuninni. Þessi ákvæði tilskipunarinnar eru sett fram sérstaklega til að koma á mótis við smærri fyrirtæki og til að minnka þörf á prófunum.

- **REACH** er skammstöfun á Registration, Evaluation and Authorisation of Chemicals
- **Skráning.** Framleiðandi eða innflytjandi aflar nauðsynlegra upplýsinga um efnin og gefur leiðbeiningar um örugga notkun. Upplýsingar eru sendar til Efnastofnunar Evrópu.
- **Samnýting upplýsinga.** Skyld er að deila upplýsingum úr dýrprófunum með öðrum framleiðendum/innflytjendum til að minnka þörf á prófunum.
- **Öryggisblöð** munu fylgja efnum og vörum líkt og verið hefur.
- **Notendur neðar í framleiðslukeðju** upplýsa framleiðendur um ný notkunarsvið og óska eftir öryggismati fyrir sitt notkunarsvið eða gera eigið öryggismat.
- **Mat** (Evaluation) Yfirvöld meta í fyrstu gæði gagna sem afhent eru og áætlanir um prófanir til að takmarka þær eins og unnt er. Síðar fer fram áhættumat á efnunum sjálfum.
- **Leyfisveitingar** (Authorisation) Hættuleg efni verða háð framleiðslu-notkunarleyfum, t.d. krabbameinsvaldandi efni, þrávirk efni og fleira.
- **Takmarkanir** eða bann við notkun gilda um tiltekin efni líkt og hingað til.
- **Efnastofnun Evrópu** heldur utan um stjórnvöld og tæknilega hlið REACH
- **Flokkun og merkingar.** Birtur verður gagnagrunnur sem mun stuðla að samræmdum merkingum.
- **Aðgengi að upplýsingum.** Efnastofnunin gerir hluta upplýsinga aðgengilegan á Netinu.